

MINNISBLAÐ – SVÆÐISSKIPULAG FYRIR SUÐURHÁLENDIÐ
20. NÓVEMBER 2020

Skýringar með kostnaðarskiptingu og framkvæmd

Á fundi starfshóps um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið sem haldinn var 18. nóvember sl. var samþykkt að leggja fyrir sveitastjórnir minnisblað þetta þannig að hvert og eitt sveitarfélag geti tekið afstöðu til hugmynda um kostnaðarskiptingu og framkvæmd verkefnisins.

Í töflunni hér á eftir á eftir má sjá upplýsingar um áætlaðan kostnað við verkefnið og hugmynda um skiptingu fjárframlaga og kostnaðar.

	Heildark.	2021	2022	2023				
Áhersluverkefni SASS	12.000.000	5.000.000	4.000.000	3.000.000				
Sveitarfélögin	13.000.000	5.333.333	4.333.333	3.333.333				
Skipulagssjóður	25.000.000	9.333.333	8.333.333	7.333.333				
Áætlaður heildark.	50.000.000	19.666.667	16.666.667	13.666.667				

Leið A	Fastur kostn.	Stærð landsv.	Samtals	Hlutfall af heild	Samtals hlutur sveitarf.	Hlutur 2021	Hlutur 2022	Hlutur 2023
Skaftárhreppur	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Mýrdalshreppur	15%	50%	65%	7,6%	982.558	403.101	327.519	251.938
Rangárþ. eystra	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Rangárþ. ytra	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Ásahreppur	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Skeiða- og Gnúpverjahr.	15%	65%	80%	9,3%	1.209.302	496.124	403.101	310.078
Hrunamannahreppur	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Bláskógabyggð	15%	85%	100%	11,6%	1.511.628	620.155	503.876	387.597
Grímsnes- og Grafningshr.	15%	50%	65%	7,6%	982.558	403.101	327.519	251.938
Sveitarfélagið Árborg	15%	10%	25%	2,9%	377.907	155.039	125.969	96.899
Flóahreppur	15%	10%	25%	2,9%	377.907	155.039	125.969	96.899
			8,60	100%				

Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við verkefnið sé um 50 m.kr. án vsk. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að 13 m.kr. komi frá sveitarfélögunum, 12 m.kr. sem áhersluverkefni hjá SASS (á eftir að staðfestast af stjórn samtakanna) og skipulagssjóður greiði 25 m.kr. eða helming áætlaðs kostnaðar skv. reglum sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að það taki þrjú ár að ljúka verkefninu og það verði unnið á árabílinu 2021-2023. Gert er ráð fyrir „framþunga“ við vinnslu þess þannig að 2021 og 2022 sé unnið meira í því en árið 2023.

Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn dreifist þannig á sveitarfélögin að 15% sé fastur kostnaður sem dreifist jafnt á öll 11 sveitarfélögin. Hinn hlutinn byggist á stærð landsvæðisins á hálendinu og þar er hlutur land stærri sveitarfélaganna sjö 85% og tveggja land minni 50%. Til skýringar þá fer Skeiða- og Gnúpverjahreppur með skipulagsvaldið fyrir Flóahrepp og Sv. Árborg og samtals telst landsvæði/réttur þeirra þriggja 85%.

Hlutfall af heildarkostnaði á sveitarfélag er frá 2,9% til 11,6% og samtals er því kostnaður á sveitarfélag á verktímanum frá 0,4 m.kr. til um 1,5 m.kr. Í töflunni hér að ofan má sjá hvernig sá kostnaður skiptist á sveitarfélögin á ári á verktímanum. Athugið að hér er innri kostnaður sveitarfélaganna við s.s. fundarsetu, akstur og aðkoma sérfræðinga, s.s. byggingarfulltrúa, ekki meðtalinn.

Á fundi sveitarstjórna þarf að taka afstöðu til eftirfarandi:

Starfshópurinn og verkefnisstjórn leggur til að **áfram verði unnið að gerð svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið** og að **skipting kostnaðar sveitarfélaganna byggi á fyrrgreindri töflu og starfsreglum** sem voru til kynningar á fundi starfshópsins 18. nóvember sl.

Hvert sveitarfélag þarf til samræmis við skipulagslög að skipa tvo aðalmenn og tvo til vara í starfshópin sem vinnur að gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið. **Staðfesta þarf skipan tveggja aðalmanna og tveggja til vara í starfshópin** um gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið.

Samþykkja á að ráðgjafar EFLU leiði vinni við gerð svæðisskipulagsins.

Verkefnisstjórn veitir upplýsingar um verkefnið eftir því sem þörf krefur.

Bestu kveðjur,
f.h. starfshópsins og verkefnisstjórnar,

Eva Björk Harðardóttir – Sími: 841 7944
Helgi Kjartansson – Sími: 898 1552
Bjarni Guðmundsson – Sími: 897 9791